


Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Sjálandsskóli
Efling lærdómssamfélagsins
Verkefnastjóri var Edda Björg Sigurðardóttir
Samningur nr. UMS-15
Úthlutun 2017-2018



Lokaskýrsla

Sjálandsskóla

Skólaárið 2017-2018

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að festa í sessi í menningu skólans félagarýni. Með félagarýni vinna kennarar náið saman, læra hver af öðrum auk þess sem það leiðir til meiri samfellu á milli skólastiga. Rannsóknir sýna að kennarar sem taka þátt í félagarýni verða betri fagmenn, ánægðari í starfi og endast lengur í faginu.

Eftirfarandi þættir voru hafðir að leiðarljósi:

- Kennarar gera litlar og markvissar rannsóknir á því hvernig nemendur læra
- Að efla fagmennsku kennara og styrkja hann í starfi
- Að gera kennurum kleift að nýta þekkingu sína til starfsþróunar
- Að þróa uppeldisfræðilega þekkingu og auka gæði kennslu
- Stuðla að ígrundun og starfsþróun kennara
- Auka gæði skólastarfsins

Leiðir að markmiði

Í nóvember 2017 var verkefnið og framkvæmd þess kynnt fyrir öllum kennurum skólans á kennarafundi. Kennurum var frjálst að taka þátt í þróunarvinnunni en þeir sem vildu áttu að skrá þátttöku fyrir lok nóvember 2017. Kennarar áttu að velja sig saman tveir til þrír í rýnihópa. 13 kennarar skráðu sig til þátttöku en 9 þeirra luku við verkefnið.

Í lok febrúar hélt verkefnisstjóri fyrirlestur fyrir þátttakendur um félagarýni, gerð matslista, ígrundun, framkvæmd og nokkrar rannsóknir voru kynntar. Þátttakendur fengu sendar tillögur að matslistum og leiðum sem hægt er að fara þannig að þeir gætu aðlagð að sínum rannsóknum.

Í mars hittust allir rýnihóparnir í þrjú skipti og undirbjuggu félagarýnina. Farið var yfir tillögur að rannsóknarspurningum eða kennsluáðferðum sem þeir ætluðu að kanna. Markmið fundanna var að hóparnir ræddu tillögur sínar og nálganir og aðstoðuðu hver annan við að finna leiðir. Hver rýnihópur útbjó matslista og skipulagði rannsóknarkennslustundir og fundi fyrir og eftir þær. Hluti af hópnum gerði spurningalista og tóku viðtöl við nemendur. Rýnihópar hittu verkefnisstjóra einslega í 2. – 3. skipti til að ræða leiðir og nálganir. Kennarar áttu að einblína á hvernig nemendur læra með ákveðinni aðferð sem þeir völdu sjálfir að skoða. Með þeim hætti rannsaka þeir starf sitt og ígrunda í þeim tilgangi að efla það og stuðla að auknum námsárangri hjá nemendum. Hver rýnihópur hittist að loknum rannsóknarkennslustundum á fundi, rýndu í hvernig til tókst og undirbjuggu næstu rannsóknarkennslustund. Að loknum tveimur rannsóknarkennslustundum + fjórum rýnifundum, auk viðtala við nemendur, skiluðu kennarar skýrslum með niðurstöðum. Rýnihópar áttu að skila skýrslum í síðasta lagi 1. júní 2018. Skólaárið 2018-2019 munu leiðir og niðurstöður verða kynntar fyrir kennarahópi skólans.

Rýnihópar framkvæmdu fjórar rannsóknir:

1. Ritun í ensku. Markmiðið var að skoða hvort litakóðuð yfirferð á ritun eða þýðingu á texta ásamt matskvarða skiluðu árangri í endurritun á þýðingarverkefni í ensku.
2. Skoða hvort nemendur nái námsmarkmiðum betur í úti- eða innikennslu.

Eitt af mikilvægari þáttum í vinnunni var að þátttakendur höfðu skýr markmið um hvað átti að kanna hvernig og þeir ætluðu að gera það. Félagarýni er mikilvæg fyrir skólasamfélagið og mat þátttakenda að það væri mjög gagnlegt.

Niðurstöður verkefnisins

Það var mikil ánægja þátttakenda með þróunarverkefnið, það tókst vel og kennurum fannst það bæði gagnlegt og mikilvægt að skoða kennslu og nám nemenda með öðrum hætti en áður hafði verið gert. Í vetur hefur Sjálandskóli verið að innleiða leiðsagnarmat sem er skipulagt sem hluti af námi hvers og eins og er lagt fyrir allt skólaárið með það að markmiði að bæta námsárangur og kennslu. Hluti rýnihópsins skoðaði þær nálganir sem þeir hafa notað í vetur og gerðu breytingar á nokkrum þáttum. Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður hverrar rannsóknar.

1. Ritun í ensku. Markmiðið var að skoða hvort litakóðuð yfirferð á ritun eða þýðingu á texta ásamt matskvarða skiluðu árangri í endurritun á þýðingarverkefni í ensku.

Niðurstaða: Nemendur voru áhugasamir um að vinna verkefnið aftur með leiðsagnarmatið til hliðsjónar. Þeir fengu að nýta sér orðabækur og Internetið auk þess sem þeir máttu spyrja hvert annað og aðstoða við endurritunina. Misjafnt var hvernig nemendurnir unnu verkefnið en nokkrir treystu hver á annan í vinnunni á meðan aðrir unnu einir og notuðu þá Internetið til að fletta upp orðum og orðalagi. Í upphafi fannst okkur að við hefðu kannski ekki átt að notast við þýðingar og láta þau frekar vinna með frjálsa ritun þar sem þau fóru strax að bera saman bækur sínar og leiðréttu þannig. Þegar leið á vinnuna sáum við hins vegar að þeir voru mikið að rökræða hvernig best væri að orða hlutina og stafsetja orð og á endanum fletta upp og staðreyna það sem þau voru búin að koma sér saman um að væri rétt. Það að þau voru að vinna með sama textann varð til þess að ákveðinn hópur vann saman að því að leita lausna og teljum við að þau hafi lært mikið af því. Okkur fannst þau síðan nota Internetið á góðan máta en þau voru gagnrýnin á niðurstöður google.translate og leituðu víðar að upplýsingum. Við hefðum gjarnan vilja geta boðið þeim upp á að styðjast við netorðabókina snara.is. eða álíka verkfæri. Eftir að nemendur höfðu lokið við að endurrita þýðinguna lögðum við fyrir spurningalista með opnum spurningum þar sem nemendur sögðu frá því hvernig þeim fannst matið nýtast þeim.

Allir nemendurnir voru sammála um það að þau skildu leiðsagnarmatið vel. Þeim fannst þau skilja betur hvað þau gerðu vitlaust og læra meira af því. Einn nemandi sagði:

Mér finnst þessi aðferð svo miklu betri heldur en að það væri bara búið að skrifa hvað var vitlaust til hliðar og ég lærði meira á því að gera hana aftur frekar en að sjá bara villurnar.

Þegar nemendur voru spurðir hvort þau áttuðu sig á því hvernig villur þeir væru að gera var greinilegt að þau notuðu litakóðana til að flokka villurnar og áttuðu sig á því hvernig villur þau voru að gera og þeim finnst nauðsynlegt að hafa litina inni á matskvarðanum til að átta sig á því hvar veikleikarnir liggja.

Þeir voru síðan spurðir hvað þeir hefðu gert til að bæta/leiðréttu ritunarverkefnið sitt. Margir hjálpuðust að með því að spyrja samnemendur en þau studdust einnig mikið við orðabækur og flettu upp á Internetinu. Einn nemandi notaðist ekki við nein hjálpartæki og sagðist bara hafa lesið betur yfir og hugsað sig betur um.

3. Skoða hvort „brottfararspjöld“ hjálpi nemendum á þann hátt að þeir taki betur eftir innlögn og leggi sig meira fram í kennslustundinni sjálfri (séu virkari nemendur) þegar þeir vita að þeir fái spjald við lok tímans. Og kanna hvort „brottfararspjöld“ hjálpi nemendum sem veigra sér við að leita sér aðstoðar í kennslustundum. Brottfararspjöld eru miðar með dæmum sem nemendur eiga að leysa við lok kennslustundar. Tilgangurinn er að nota niðurstöðurnar til að kanna hvort nemandinn hafi náð markmiðum tímans og gera breytingar á námi eða kennslu.
4. Kanna ritun í 2. og 9. bekk. Gefin voru fyrirmæli og gátlistar og kannað hvort leiðsagnarmat hjálpi nemendum til að bæta árangur í ritun.

Rýnihóparnir komust að niðurstöðu og skiluðu hver um sig lokaskýrslu ásamt matslistum. Þegar allir hópar höfðu lokið sinni vinnu, hittu þeir verkefnisstjóra og ræddu afraksturinn. Allir hópar munu kynna sínar niðurstöður fyrir kennurum í byrjun næsta skólaárs.

Frávik frá áætlun verkefnisins

Samkvæmt upphaflegu skipulagi verkefnisins var ætlunin að framkvæma félagarýnið í október. Fljótlega var ákveðið að breyta tímarammanum vegna vinnu við skólanámskrá og námsmat. Undirbúningur hófst í febrúar og rýnum lauk í maí. Það fór meiri tími í undirbúningsvinnu en ráð var fyrir gert þar sem kennurum fannst snúið að rannsaka hvernig nemendur læra.

Helstu hindranir

Helstu hindranir voru að finna leiðir til að rannsaka hvernig nemendur læra. Það var tilhneyging til að vilja skoða hvernig „kennarar kenna.“ Því fór lengri tími í undirbúningsvinnu en ráð var fyrir gert en þeim tíma var vel varið. Þá fannst nokkrum snúið að gera matslista en það tengdist einnig hugsuninni að verið væri að skoða hvernig nemendur læra.

Helsti ávinningur af verkefninu

Ávinningur verkefnisins fyrir nemendur og kennara Sjálandsskóla er að lærdómssamfélagið eflist og eftir situr þekking sem ekki var til. Félagarýni er mikilvægur hlekkur í starfsþróun kennara og árangurs í starfi. Í henni felst dýrmæt ígrundun og sjálfsskoðun. Að rannsaka hvernig nemandinn lærir er mikilvæg nálgun til að efla lærdómssamfélagið. Með félagarýni er kennurum gefið tækifæri til að efla starfsþroska sinn og fagmennsku og miðla þekkingu sinni til námssamfélagsins og þannig efla lærdómssamfélagið. Markmið félagarýnis er að þróa uppeldisfræðilega þekkingu og bæta kennslu. Allir þeir kennarar sem tóku þátt í þróunarvinnunni voru sammála um mikilvægi verkefnisins. Kennarar notuðu þetta tækifæri til að rannsaka nýjar kennsluáðferðir sem þeir höfðu verið að innleiða og sníða af þeim agnúa og bæta. Það var samdóma álit allra þátttakenda að verkefnið var dýrmætt og það ætti að vera hluti af starfi kennara.

Mat á verkefninu

Verkefnið fór hægt af stað og það reyndist nokkuð snúið fyrir kennarana að tileinka sér hugsunina um að rannsaka hvernig nemendur læra. Undirbúningur fyrir rannsóknarkennslustundir tók lengri tíma en ráðgert hafði verið en þeim tíma var vel varið.

Að lokum spurðum við hvort nemendurnir teldu að slíkt námsmat myndi hjálpa þeim að bæta ritunarhæfni sína í ensku. Þeir voru allir sammála um að það myndi gera það.

Þeir sögðust skilja betur hvað þau gerðu vitlaust, hafa lært af því að leiðrétta villurnar sjálf og einn nemandi sagði:

Já ég er hundrað prósent viss um það því maður lærir svo mikið á því að fara „sjálfur“ yfir og leiðrétta.

Allir nemendur bættu ritun sína til muna. Þeir tveir nemendur sem voru með A í fyrri umferð bættu sig báðir varðandi setningauppyggingu og málfræði. Tveir nemendur voru með B í fyrri umferð en A í seinni, einn fór úr B+ í A og annar úr C+ í B+. Einn nemandi stóð í stað í B+ en bætti sig þó varðandi bæði orðaforða og samhengi texta. Almennu voru nemendurnir mjög jákvæðir í garð aðferðarinnar og töluðu um það hvað þetta væri góð aðferð. Einnig fundum við hversu gott þau höfðu af samvinnunni við að leiðrétta saman og leita að réttri stafsetningu og setningamynd.

2. Skoða hvort nemendur ná námsmarkmiðum betur í úti- eða innikennslu.

Niðurstaða: Nemendur voru beðnir um að svara spurningum eftir seinni kennslustundina. Þar kom fram að meirihluti nemenda vildi frekar vinna þetta verkefni inn. Hópurinn var virkari úti en inni. Þeir nemendur sem eiga erfitt með einbeitingu inni voru áberandi duglegir að vinna verkefnið úti en áttu erfitt með það inni. Nemendur virtust vera ánægðari þegar þeir leystu verkefni úti en þegar þeir voru inni.

Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeir fóru að því að leysa verkefnið þ.e. hvort þeir væru með einhverja aðferð þá voru nemendur ýmist að leggja 3-4 orð á minnið eða heilar setningar í einu.

3. Skoða hvort „brottfararspjöld“ hjálpi nemendum á þann hátt að þeir taki betur eftir innlögnum og leggi sig meira fram í kennslustundinni sjálfri (séu virkari nemendur) þegar þeir vita að þeir fái spjald við lok tímans. Og kanna hvort „brottfararspjöld“ hjálpi nemendum sem veigra sér við að leita sér aðstoðar í kennslustundum. Brottfararspjöld eru miðar með dæmum sem nemendur eiga að leysa við lok kennslustundar.

Tilgangurinn er að nota niðurstöðurnar til að kanna hvort nemandinn hafi náð markmiðum tímans og gera breytingar á námi eða kennslu.

Niðurstaða: Það kom bersýnilega í ljós að við það að nota brottfararspjöld þá voru nemendur virkari í innlögnum og nýttu tímann mun betur þar sem þeir vissu að spjaldið kæmi í lok tímans. Það er hvatning að ná tókum á efninu. Einnig tókum við viðtal við nemendur. Hópurinn var allur sammála því að þessi brottfararspjöld væru mjög hentug sem viðbót við námið. Nemendur sögðu að þeir lærðu mikið af þeim mistökum sem þeir gerðu og þyrftu að leiðrétta. Þeir nemendur sem leystu spjaldið rétt sögðu líka að gott væri að fá strax staðfestingu á því að þeir væru að gera rétt og það gæfi þeim meira sjálfstraust til að takast á við næsta efnispátt. Þeir sem þyrftu að endurtaka sögðu að það væri gott að fá annað brottfararspjald í sama efnispátt, þ.e.a.s. að vinna með hann þangað til að nemandi væri

búinn að tileinka sér hann. Nemendur tjáðu sig að þeir myndu ekki fyrir því álagi eins og um próf væri að ræða heldur væri þetta verkefni sem væri ekki metið til einkunnar og hefði þann tilgang að hjálpa þeim að ná tókum á námsefninu. Enn fremur sögðu nemendur að þeir væri öruggari með námsaðferðina vegna þess að með þessu gæti kennarinn gripið hraðar inn í málin. Við sjáum framhaldið þannig að þetta er komið til að vera í stærðfræðikennslunni. Það

verður spennandi að sjá hvort þessi aðferð hjálpi nemendum þegar á hólminn er komið – í námsmatinu sjálfu. Líka mjög spennandi að sjá hjá nemendum sem þurfa að hafa aðeins meira fyrir náminu því það eru þeir nemendur sem oft veigra sér við að leita eftir aðstoð því þeir ekki nógu öruggir í náminu.

4. Kanna ritun í 2. og 9. bekk. Gefin voru fyrirsmæli og gátlistar og kannað hvort leiðsagnarmat hjálpi nemendum til að bæta árangur í ritun.

Niðurstaða: Nemendur í 2. og 9. bekk fengu aldursmiðaða gátlista þar sem fyrirsmæli voru skrifleg og skýr. Fylgst ver með 6 fyrirfram ákveðnum nemendum í báðum árgöngum, skoðað var hvernig þeir nýttu sér fyrirsmælin og gátlistann. Loks voru verkefni skoðuð og kannað hvort og hvernig fyrirsmælin annarsvegar og gátlistarnir hinsvegar skiluðu sér í verkefnunum. Hugmyndin á bak við gátlistann var að nemendur gætu lagt mat á eigið verkefni og hvort þeir hefðu farið eftir fyrirsmælunum. Fyrirsmælin og gátlistinn tóku á svipuðum þáttum í báðum árgöngum og þeim þáttum sem kennara vildu skoða. Niðurstaðan var að gátlistarnir auðveldur kennurum leiðsagnarmatið og þeir gerðu nemendur meðvitaðri um eigið nám. Gátlistar hjálpa nemendum við námið og þeir eiga auðveldara með að tileinka sér námsmarkmiðin.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Allir þátttakendur hafa skilað inn skýrslum með lýsingum á framkvæmd og helstu niðurstöðum. Þær verða kynntar fyrir öllum kennurum Sjálandskóla í upphafi næsta skólaárs. Helstu niðurstöður er ánægja kennara með félagarýni og þeira telja það árangursríka leið til að bæta nám nemenda og auka gæði kennslunnar. Gerð voru fjögur félagarýni þar sem skoðað var í þremur tilfellum árangur nemenda þegar notað er leiðsagnarmat en í einu tilfalli var kannað hvort nemendur nái námsmarkmiðum betur í úti- eða innikennslu. Helstu niðurstöður voru að leiðsagnarmat er árangursrík leið í námi nemenda. Þegar skoðað var nám nemenda í útikennslu og hefðbundinni kennslu inni á bekkjarsvæði kom í ljós að nemendur voru virkari úti, höfðu betri einbeitingu og náðu betur þeim námsmarkmiðum sem könnuð voru.